

ÞórKA kvennabolti  
Ársreikningur 2022

ÞórKA kvennabolti  
Hamri  
603 Akureyri

kt. 690317-1090

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Aðalstarfsemi ÞórKA kvennabolta er knattspyrnuíðkun og tengd starfsemi. Samkvæmt samstarfssamningi milli Íþróttafélagsins Þórs og Knattspyrnufélags Akureyrar bera félögin sameiginlega rekstrarlega ábyrgð á ÞórKA kvennabolta.

Rekstrartekjur ÞórKA kvennabolta námu 46,0 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 12,3 millj. kr. milli ára eða um 37%. Tap ÞórKA kvennabolta á árinu 2022 nam 10,3 millj. kr. (2021: tap 0,6 millj. kr.)

Eigið fé ÞórKA kvennabolta í árslok var neikvætt um 7,8 millj. kr. (2021: neikvætt um 0,5 millj. kr.) Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn ÞórKA kvennabolta hefur í dag rætt ársreikning fyrir árið 2022 og staðfest hann með undirritun sinni.

Akureyri, 24. febrúar 2023.

Stjórn:

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar ÞórKA kvennabolta.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning ÞórKA kvennabolta fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á ársreikningnum.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ÞórKA kvennabolta á árinu 2022, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 24. febrúar 2023.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	Áætlun 2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>				
Framlög og styrkir.....		27.607.924	13.445.000	19.529.514
Tekjur af mótum.....		2.581.310	7.600.000	2.743.493
Vörusala og auglýsingatekjur.....		1.150.000	2.000.000	609.355
Aðrar fjáraflanir.....		7.336.280	9.580.000	8.844.113
Aðrar tekjur.....		7.296.989	6.690.000	1.946.667
		<u>45.972.503</u>	<u>39.315.000</u>	<u>33.673.142</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	2	28.554.341	25.098.600	14.638.674
Íþróttaleg viðskipti.....		21.215.515	9.100.000	12.854.950
Rekstur mannvirkja, vörunotkun.....		37.250	0	137.870
Annar rekstrarkostnaður.....		5.935.101	4.823.000	6.606.792
		<u>55.742.207</u>	<u>39.021.600</u>	<u>34.238.286</u>
Rekstrar(tap) -hagnaður.....		( 9.769.704 )	293.400	( 565.144 )
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>				
Vaxtatekjur.....		3.384	3.000	25.501
Vaxtagjöld.....		( 487.080 )	100.000	( 85.765 )
		<u>( 483.696 )</u>	<u>103.000</u>	<u>( 60.264 )</u>
<b>(Tap) hagnaður ársins.....</b>	4	<u>( 10.253.400 )</u>	<u>396.400</u>	<u>( 625.408 )</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
<b>Eignir</b>			
Leikmannasamningar.....	3	4.700.000	1.900.000
	Fastafjármunir	<u>4.700.000</u>	<u>1.900.000</u>
Kröfur á aðrar deildir.....		9.143	7.595
Aðrar skammtímakröfur.....		1.081.554	951.593
Handbært fé.....		37.511	93.677
	Veltufjármunir	<u>1.128.208</u>	<u>1.052.865</u>
	<b>Eignir samtals</b>	<b><u>5.828.208</u></b>	<b><u>2.952.865</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Endurmatsreikningur.....		4.700.000	1.900.000
Ójafnað eigið fé.....		( 12.514.635 )	( 2.361.235 )
	Eigið fé 4	<u>( 7.814.635 )</u>	<u>( 461.235 )</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		3.205.481	877.534
Viðskiptaskuldir.....		5.646.950	1.067.551
Skuldir við aðrar deildir.....		2.323.413	117.605
Aðrar skammtímaskuldir.....		2.466.999	1.351.410
	Skammtímaskuldir	<u>13.642.843</u>	<u>3.414.100</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b><u>5.828.208</u></b>	<b><u>2.952.865</u></b>



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

### c. Leikmannasamningar

Leikmannasamningar eru eignfærðir í samræmi við leyfiskerfi KSÍ. Matsbreytingar leikmanna eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

### d. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá öðrum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

### e. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun .....	18.626.650	13.630.200
Launatengd gjöld .....	3.561.788	2.585.281
Verktakagreiðslur.....	625.500	0
Dagpeningar.....	5.740.403	2.724.800
Endurgreiðsla frá Vinnumálastofnun.....	0	( 4.301.607 )
Laun og launatengd gjöld samtals.....	28.554.341	14.638.674

## 3. Leikmannasamningar

Leikmannasamningar greinast þannig:

Bókfært verð 1.1. ....	1.900.000	2.900.000
Matsbreytingar leikmanna .....	2.900.000	( 1.000.000 )
Seldir leikmenn .....	( 100.000 )	0
Bókfært verð 31.12. ....	4.700.000	1.900.000

## 4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Endurmats- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021.....	2.900.000	( 1.735.827 )	1.164.173
Matsbreytingar leikmanna.....	( 1.000.000 )	0	( 1.000.000 )
Tap ársins.....	0	( 625.408 )	( 625.408 )
Eigið fé 1.1.2022.....	1.900.000	( 2.361.235 )	( 461.235 )
Matsbreytingar leikmanna.....	2.800.000	100.000	2.900.000
Tap ársins.....	0	( 10.253.400 )	( 10.253.400 )
Eigið fé 31.12.2022.....	4.700.000	( 12.514.635 )	( 7.814.635 )